

## Umhverfis- og heilbrigðisráð

Ár 2019, miðvikudaginn 25. september kl. 9:05 var haldinn 29. fundur umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur, ásamt skipulags- og samgönguráði Reykjavíkur og var það 48. fundur þess. Fundurinn var haldinn í Hofi að Borgartúni 12 – 14. Viðstaddir voru: Líf Magneudóttir, Sabine Leskopf, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Egill Þór Jónsson, Jórunn Pála Jónasdóttir og Vigdís Hauksdóttir. Auk þeirra sátu eftirtaldir fulltrúar skipulags- og samgönguráðs fundinn: Pawel Bartoszek, Aron Levi Beck, Hildur Björnsdóttir, Örn Þórðarson, Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúarnir Baldur Borgþórsson og Ásgerður Jóna Flosadóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Björn Axelsson, Þorsteinn Rúnar Hermannsson, Nikulás Úlfar Músson, Hreinn Ólafsson, Kristján Ólafur Smith, Hrönn Hrafnadóttir, Þórólfur Jónsson, Ásdís Ásbjörnsdóttir, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Sigurjóna Guðnadóttir.

Fundarritari er Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

### Þetta gerðist:

#### (D) Ýmis mál

1. Kosning í umhverfis- og heilbrigðisráð, Mál nr. US190026  
Kynnt

Lagt er fram bréf dags. 23. september 2019, frá fundi borgarstjórnar 3. september 2019 þar sem var samþykkt að Jórunn Pála Jónasdóttir taki sæti í umhverfis- og heilbrigðisráði í stað Mörtu Guðjónsdóttur.  
Lagt fram.

- Kl. 9:09 tekur Ólafur Jónsson sæti á fundinum.

2. Umhverfis- og skipulagssvið, Mál nr. US190303  
Fjárhagsáætlun 2020

Lögð eru fram drög að greinargerð umhverfis- og skipulagssviðs með fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

Þar á meðal eru drög að:

- rekstraryfirliti Umhverfis- og skipulagssviði í aðalsjóði fyrir árið 2020
- rekstraryfirliti Umhverfis- og skipulagssviði í eignasjóði fyrir árið 2020
- gjaldskráum Umhverfis- og skipulagssviði fyrir árið 2020

- Kl. 9:22 tekur Daníel Örn Arnarsson sæti á fundinum.

Samþykkt með fimm atkvæðum umhverfis- og heilbrigðisráðs, fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs, fulltrúa Samfylkingarinnar, fulltrúa Pírata og fulltrúa Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi Miðflokksins sitja hjá.

Umhverfis- og heilbrigðisráð staðfesta að drög að starfs- og fjárhagsáætlun séu í samræmi við ákvarðanir ráðanna um áherslur og forgangs röðun og markaða stefnu í málaflokknum.

Vísað til borgarráðs.

3. Umhverfis- og skipulagssvið, 6 mánaða uppgjör Mál nr. US190304

Lögð er fram greinargerð 6 mánaða uppgjors Umhverfis- og skipulagssviðs janúar - júní 2019

Lagt fram.

4. Umhverfis- og skipulagssvið, Innkaup Mál nr. US190305  
sem fara yfir milljón

Lögð eru fram innkaupaskýrslur frá janúar - júní 2019 fyrir aðalsjóð og eignasjóð á kaupum sem fara yfir milljón.

Lagt fram.

5. Umhverfis- og skipulagssvið, Yfirlit Mál nr. US190306  
ferðakostnaðar

Lögð er fram skýrsla á ferðakostnaði starfsmanna Umhverfis- og skipulagssviðs frá apríl - júní 2019.

Lagt fram.

6. Fyrirspurn Flokks fólksins, lið 5 á fundi Mál nr. US190310  
beggja ráða 25. september 2019, Yfirlit  
ferðakostnaðar.

Flokkur fólksins óskar eftir svörum við eftirfarandi spurningum?.

1. Var nauðsynlegt að svo margir fulltrúar færu á ráðstefnuna í Osló í vor?
2. Var kannað hvort boðið yrði upp á fjarfund.
3. Ef boðið var upp á fjarfund hvers vegna var hann ekki nýttur.

Flokkur fólksins vill gera athugasemdir við hversu margir frá Umhverfissis og skipulagssviði fóru á ráðstefnu til Osló í vor. Kostnaður er rúmar 4 milljónir. Hér má spyrja hvort allt þetta fólk hafi þurft að sækja sömu ráðstefnuna þótt mikilvæg væri. Hvað með fjarfundi, var kannað hvort það var í boði. Hvernig sem á málið litið er hér um gríðarháa upphæð að ræða og engan veginn verjandi enda hefði dugað að senda 2-3 sem hefðu getað uppfrætt þá sem heima sátu.

**Fleira gerðist ekki.  
Fundi slitið kl. 10:12  
Fundargerðin lesin yfir og undirrituð**

Líf Magneudóttir

Sabine Leskopf  
Hjálmar Sveinsson  
Jórunn Pála Jónasdóttir  
Ólafur Jónsson

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir  
Egill Þór Jónsson  
Vigdís Hauksdóttir